

Garðabær  
Ársreikningur  
2016

Garðabær  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

Kt. 570169-6109

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	10
Skýringar .....	11
Óendurskoðað fylgiskjal: Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar .....	34

# Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Garðabæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 14.038 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 12.605 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,70% en lögbundið hámark þess er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,235% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórna til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt ársreikningi A og B hluta, var jákvæð um 1.731 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 1.464 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2016 nam 13.965 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 12.894 millj. kr.

Í samræmi við nýlegar breytingar á lögum um ársreikninga birtir sveitarfélagið í fyrsta sinn yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar er settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, *Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf*.

Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2016 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Garðabæ, 14. mars 2017.

Bæjarstjóri:

Bæjarráð:

Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2016 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Garðabæ,

Bæjarstjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Endurskoðandi sveitarfélagsins mun árita ársreikninginn samhliða áritun bæjarstjórnar við síðari umræðu í bæjarstjórn.

## Rekstrarreikningur ársins 2016

Skýr.	A hluti			A og B hluti			* Endurgert Ársreikningur 2015
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum		
<b>Rekstrartekjur</b>							
Útsvar og fasteignaskattur .....	5	9.469.539	9.157.045	8.426.456	9.444.194	9.133.220	8.401.825
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	5	1.038.147	798.000	855.142	1.038.147	798.000	855.142
Aðrar tekjur .....	5	1.124.318	986.362	956.013	2.583.240	2.336.925	2.268.594
Gatnagerðartekjur .....	5	972.536	0	101.443	972.536	0	101.443
		<u>12.604.539</u>	<u>10.941.406</u>	<u>10.339.055</u>	<u>14.038.116</u>	<u>12.268.145</u>	<u>11.627.005</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	6	5.550.904	5.451.837	4.994.687	6.252.680	6.114.445	5.635.241
Lífeyrisskuldbinding, breyting .	6	284.565	160.000	246.084	288.127	160.000	248.148
Annar rekstrarkostnaður .....	7	4.447.472	4.224.340	4.259.816	4.721.665	4.460.405	4.539.784
		<u>10.282.941</u>	<u>9.836.177</u>	<u>9.500.587</u>	<u>11.262.472</u>	<u>10.734.849</u>	<u>10.423.173</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....		2.321.598	1.105.230	838.468	2.775.644	1.533.295	1.203.832
Afskriftir .....	10	( 662.941 )	( 672.777 )	( 601.908 )	( 766.565 )	( 744.878 )	( 698.532 )
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og (fjármagnsgjalda) .....		<u>1.658.657</u>	<u>432.453</u>	<u>236.560</u>	<u>2.009.079</u>	<u>788.417</u>	<u>505.300</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	8	( 194.360 )	( 338.076 )	( 220.968 )	( 277.853 )	( 476.622 )	( 293.849 )
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<b>15</b>	<u>1.464.297</u>	<u>94.377</u>	<u>15.591</u>	<u>1.731.226</u>	<u>311.795</u>	<u>211.451</u>

# Efnahagsreikningur

		Eignir				
		A hluti		A og B hluti		
		2016	2015	2016	* Endurgert 2015	
Skýr.						
<b>Fastafjármunir</b>						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
	Fasteignir og lóðir .....	10	16.276.609	15.866.343	16.773.548	16.376.950
	Byggingarland, veitu- og gatnakerfi .....	10	1.422.358	1.304.998	3.857.399	3.567.298
	Áhöld og tæki .....	10	341.213	301.073	389.327	369.333
	Leigðar eignir .....	10	319.935	360.314	319.935	360.314
			18.360.115	17.832.729	21.340.209	20.673.895
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
	Eignarhlutir í félögum .....	11	503.705	503.705	499.705	499.705
	Langtímakröfur .....	12	0	68.040	1.368.170	1.438.322
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	13	1.377.514	1.450.873	0	0
			1.881.219	2.022.618	1.867.875	1.938.028
	Fastafjármunir		20.241.334	19.855.347	23.208.084	22.611.922
<b>Veltufjármunir</b>						
	Birgðir .....	4i	3.927	2.948	3.927	2.948
Skammttímakröfur:						
	Oinnheimtar skatttekjur .....	14	783.119	739.573	783.119	739.573
	Skammttímakröfur á eigin fyrirtæki .....		869.641	904.115	0	0
	Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	13	104.101	100.206	0	0
	Næsta árs afborgarnir langtímakrafna .....	12	0	3.305	15.917	3.305
	Aðrar skammttímakröfur .....	14	655.129	472.815	662.432	490.857
	Handbært fé .....	4k	332.479	24.471	332.479	24.471
	Veltufjármunir		2.748.396	2.247.434	1.797.874	1.261.154
	<b>Eignir samtals</b>		<b>22.989.730</b>	<b>22.102.780</b>	<b>25.005.958</b>	<b>23.873.077</b>
	Eignir utan efnahagsreiknings .....	4l				

\* - sjá skýringu 3

# 31. desember 2016

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2016	2015	2016	* Endurgert 2015
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	15	12.893.826	11.205.973	13.964.953	12.010.171
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	16	2.100.386	1.914.345	2.124.949	1.935.417
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	17	4.300.252	4.189.973	5.205.768	5.090.526
Leiguskuldir .....	18	565.765	610.985	565.765	610.985
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	19	898.637	1.845.886	898.637	1.845.886
		5.764.654	6.646.844	6.670.170	7.547.398
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....		8.333	179.904	8.333	179.904
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		49.352	21.095	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	17	736.727	690.854	750.683	704.118
Næsta árs afborganir leiguskulda .....	18	57.417	53.763	57.417	53.763
Næsta árs greiðslur lífeyrisskuldbindingar .....	16	77.794	63.008	77.931	63.074
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	19	190.235	201.595	236.112	249.590
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.111.006	1.125.399	1.115.411	1.129.642
		2.230.864	2.335.618	2.245.887	2.380.091
Skuldir og skuldbindingar samtals		10.095.904	10.896.807	11.041.005	11.862.906
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>22.989.730</b>	<b>22.102.780</b>	<b>25.005.958</b>	<b>23.873.077</b>

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings ..... 21

\* - sjá skýringu 3

# Sjóðstreymisýfirlit 2016

	A hluti			A og B hluti			* Endurgert
	Skýr.	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða .....	15	1.464.297	94.377	15.591	1.731.226	311.795	211.451
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	10	662.941	672.777	601.908	766.565	744.878	698.532
Verðbætur og gengismunur .....		72.631	216.404	66.362	95.312	268.645	89.707
Sölutap varanlegra rekstrarfjármuna .....		80	0	143	80	0	143
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu .....	16	284.565	106.000	246.084	288.127	106.000	248.148
Veltufé frá rekstri		2.484.514	1.089.557	930.089	2.881.311	1.431.318	1.247.981
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Birgðir, breyting .....		( 979 )	0	802	( 979 )	0	802
Önnheimtar skatttekjur, breyting .....		( 43.546 )	0	( 84.113 )	( 43.546 )	0	( 84.113 )
Aðrar skammtímakröfur, breyting .....		( 182.314 )	0	( 132.422 )	( 171.575 )	0	( 141.678 )
Skammtímaskuldir, breyting .....		( 89.987 )	( 105.003 )	177.346	( 101.887 )	( 105.968 )	186.263
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting .....		( 958.609 )	0	91.134	( 948.665 )	0	91.134
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar .....	16	( 83.738 )	( 46.850 )	( 67.374 )	( 83.738 )	( 46.850 )	( 67.374 )
Samtals		( 1.359.173 )	( 151.853 )	( 14.627 )	( 1.350.391 )	( 152.818 )	( 14.966 )
Handbært fé frá rekstri		1.125.342	937.704	915.462	1.530.920	1.278.500	1.233.015
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum							
rekstrarfjármunum .....	10	( 966.912 )	( 1.168.000 )	( 1.448.931 )	( 1.209.464 )	( 1.228.000 )	( 1.647.688 )
Söluverð rekstrarfjármuna .....		60	0	2.380	60	0	2.380
Langtímakröfur, breyting .....	12	73.183	3.482	3.289	88.258	18.866	17.478
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki							
breyting .....	13	101.974	105.215	98.020	0	0	0
Ógreitt vegna fjárfestinga .....		75.594	0	82.231	75.594	0	82.231
Fjárfestingarhreyfingar		( 716.101 )	( 1.059.303 )	( 1.263.011 )	( 1.045.552 )	( 1.209.134 )	( 1.545.599 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Skuldir við lánastofnanir, breyting.....		( 171.571 )	0	179.904	( 171.571 )	0	179.904
Viðskiptast. eigin fyrirtækja, breyting .....		62.731	176.698	22.206	0	0	0
Tekin ný langtímalán .....	17	787.521	720.000	644.714	787.521	720.000	644.714
Afborganir langtímalána .....	17	( 725.669 )	( 674.000 )	( 599.478 )	( 739.066 )	( 688.267 )	( 612.237 )
Afborganir leiguskulda .....	18	( 54.245 )	( 63.774 )	( 50.659 )	( 54.245 )	( 63.774 )	( 50.659 )
Fjármögnunarhreyfingar		( 101.233 )	158.924	196.687	( 177.360 )	( 32.041 )	161.722
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....		308.008	37.325	( 150.862 )	308.008	37.325	( 150.862 )
Handbært fé í ársbyrjun .....		24.471	250.013	175.333	24.471	250.013	175.333
Handbært fé í árslok .....		332.479	287.338	24.471	332.479	287.338	24.471
<b>Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa</b>							
Hlutur fráveitu og vatnsveitu í							
gatnargerðarfrkv. færður til samveitna ....		0	0	976.034	0	0	0
Viðskiptastaða við eigin fyrirtækja							
breyting vegna færslur veitufamkv.....		0	0	( 976.034 )	0	0	0
Innlausn fyrirframinnheimtra tekna		0					
á móti fjárfestingu, breyting.....		0	0	( 976.034 )	0	0	0
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting.....		0	0	976.034	0	0	0

\* - sjá skýringu 3



# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Garðabær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 15.250 í árslok 2016. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Garðatorgi 7.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2016 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð Garðabæjar. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Samveitur Garðabæjar, Hjúkrunarheimilið Ísafold, Strikið 3 og Garðahús ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, fyrir utan það sem fram kemur í skýringu 3.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Á árinu breytti sveitarfélagið reikningsskilaaðferðum sínum á eftirfarandi hátt:

### a. Leigusamningur um hjúkrunarheimili við ríkið

Sveitarfélagið breytti á árinu 2016 meðhöndlun sinni á leigusamningi sem gerður var við ríkið um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Garðabæ á árinu 2010. Hjúkrunarheimilið var tekið í notkun á miðju ári 2013 og var farið með umræddan samning til samræmis álit reikningsskila og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1/2013, reikningsskilaleg meðferð leigusamninga við ríkissjóð vegna hjúkrunarheimila. Var því fasteignin færð til eignar í ársreikningi sveitarfélagsins á kostnaðarverði og afskriftir og leigutekjur af eigninni færðar í rekstrarreikning.

Það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að umrætt álit endurspegli ekki efnahagslegan raunveruleika samningsins og gefi ekki glögga mynd af áhrifum umrædds samnings á rekstur og efnahag sveitarfélagsins. Hefur því reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins verið breytt á þann hátt að farið er með umræddan leigusamning sem fjármögnunarleigusamning í reikningsskilum sveitarfélagsins og leigukrafa færð á hendur ríkissjóði, í stað fastafjármuna. Ekki var breytt reikningshaldslegri meðhöndlun á hlutdeild sveitarfélagsins í húsnæðinu. Breyting reikningsskilaaðferðar hafði einvörðungu áhrif á A og B hluta sveitarfélagsins og hefur samanburðarfjárhæðum í ársreikningi verið breytt til samræmis.

Hefði ársreikningur 2016 verið gerður miðað við óbreytta reikningsskilaaðferð, hefði afkoma ársins fyrir A og B hluta verið lakari um 47,4 millj. kr. en áhrif á A hluta eru engin.

## Skýringar, frh.:

### 3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum, framhald

Breyting reikningsskilaaðferðar hafði eftirfarandi áhrif á liði ársreiknings 2015

	A og B hluti		
	Áður birt	Breyting	Endurgert
<b>Rekstrarreikningur</b>			
Aðrar tekjur .....	192.151	( 74.218 )	117.933
Afskriftir .....	59.557	( 33.599 )	25.958
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 83.538 )	87.023	3.485
Áhrif á rekstrarniðurstöðu .....	11.990	46.404	58.394
<b>Efnahagsreikningur</b>			
Fasteignir og lóðir .....	1.632.021	( 1.254.382 )	377.639
Langtímakröfur .....	0	1.370.282	1.370.282
Heildareignir .....	13.683.890	115.900	13.799.791
Eigið fé .....	63.745	115.900	179.645
<b>Sjóðstreymi</b>			
Rekstrarniðurstaða .....	11.990	46.404	58.394
Afskriftir .....	59.557	( 33.599 )	25.958
Verðbætur .....	31.635	( 26.994 )	4.641
Veltufé frá rekstri .....	103.182	( 14.189 )	88.993
Langtímakröfur, breyting .....	0	14.189	14.189

Breyting á reikningsskilaaðferð hafði ekki áhrif á aðra liði ársreikningsins.

### 4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

#### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyrir útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. skýr. 4d. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnborgaðar tekjur. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á. Sala byggingaréttar og endurgreiddur byggingaréttur færast með sama hætti og söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna, þ.e. meðal annarra tekna í rekstrarreikningi.

#### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Skýringar, frh.:

---

### 4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.

#### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

#### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti, ef endurmetið verð þeirra er 5% umfram bókfært verð, sbr. álit reikningsskila og upplýsinganefndar 2/2010. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

#### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir .....	10 - 50 ár
Veitukerfi .....	25 - 40 ár
Gatnakerfi .....	7 - 25 ár
Áhöld og búnaður .....	5 - 7 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

#### f. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteignir .....	10 - 25 ár
------------------	------------

#### g. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflökks.

#### h. Langtímakröfur

- i) Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna. Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.
- ii) Langtímakrafa á ríkissjóð vegna leigusamnings um hjúkrunarheimili er færð til eignar á bókfærðu virði sem nemur lágmarksleigugreiðslum leigusamningsins núvirtum með 4,5% vöxtum.

#### i. Birgðir

Birgðir af vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

## Skýringar, frh.:

---

### **4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.**

#### **j. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur**

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### **k. Handbært fé**

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### **l. Eignir utan efnahagsreiknings**

Fjárfesting í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

#### **m. Lífeyrisskuldbinding**

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2016. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi, sbr. skýringu 16.

#### **n. Leiguskuldir**

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

#### **o. Langtímaskuldir**

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### **p. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings**

Upplýsingar um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu 21.

#### **q. Fjárhagsáætlun**

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 25 og 26.

## Skýringar, frh.:

### 5. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

#### A hluti

	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015
<b>Útsvar og fasteignaskattar:</b>			
Útsvar .....	8.113.929	7.830.000	7.158.647
Fasteignaskattur .....	1.136.974	1.109.857	1.060.478
Lóðaleiga .....	218.635	217.188	207.331
	<u>9.469.539</u>	<u>9.157.045</u>	<u>8.426.456</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>			
Framlög vegna grunnskóla .....	208.520	200.000	130.113
Framlag vegna málefna fatlaðra .....	425.206	301.000	332.181
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra .....	45.300	35.000	41.383
Útgjaldajöfnunarframlag .....	169.717	121.000	128.484
Framlag vegna sameiningar.....	159.373	114.000	192.107
Önnur framlög .....	30.031	27.000	30.874
	<u>1.038.147</u>	<u>798.000</u>	<u>855.142</u>
Skatttekjur samtals .....	<u>10.507.685</u>	<u>9.955.045</u>	<u>9.281.598</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>			
Þjónustu- og eignatekjur .....	979.865	883.854	846.867
Gatnagerðartekjur.....	972.536	0	101.443
Endurgreiðslur .....	121.075	93.957	87.544
Aðrar tekjur .....	23.378	8.550	21.602
	<u>2.096.854</u>	<u>986.362</u>	<u>1.057.457</u>
Rekstrartekjur samtals .....	<u>12.604.539</u>	<u>10.941.406</u>	<u>10.339.055</u>
<b>A og B hluti</b>			
<b>Útsvar og fasteignaskattar:</b>			
Útsvar .....	8.113.929	7.830.000	7.158.647
Fasteignaskattur .....	1.111.630	1.086.032	1.035.847
Lóðaleiga .....	218.635	217.188	207.331
	<u>9.444.194</u>	<u>9.133.220</u>	<u>8.401.825</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>			
Framlög vegna grunnskóla .....	208.520	200.000	130.113
Framlag vegna málefna fatlaðra .....	425.206	301.000	332.181
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra .....	45.300	35.000	41.383
Útgjaldajöfnunarframlag .....	169.717	121.000	128.484
Framlag vegna sameiningar.....	159.373	114.000	192.107
Önnur framlög .....	30.031	27.000	30.874
	<u>1.038.147</u>	<u>798.000</u>	<u>855.142</u>
Skatttekjur samtals .....	<u>10.482.341</u>	<u>9.931.220</u>	<u>9.256.968</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>			
Þjónustu- og eignatekjur .....	2.399.616	2.225.418	2.125.771
Gatnagerðartekjur.....	972.536	0	101.443
Endurgreiðslur .....	122.491	93.957	89.665
Aðrar tekjur .....	61.132	17.550	53.158
	<u>3.555.775</u>	<u>2.336.925</u>	<u>2.370.038</u>
Rekstrartekjur samtals .....	<u>14.038.116</u>	<u>12.268.145</u>	<u>11.627.005</u>

## Skýringar, frh.:

### 6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

A hluti	2016	Áætlun 2016 með viðaukum	2015
Laun .....	4.461.703	4.331.572	3.984.487
Launatengd gjöld .....	1.065.413	1.054.219	975.249
Annar starfsmannakostnaður .....	23.788	66.045	34.951
	<u>5.550.904</u>	<u>5.451.837</u>	<u>4.994.687</u>
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	284.565	160.000	246.084
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>5.835.469</u>	<u>5.611.837</u>	<u>5.240.771</u>

#### A og B hluti

Laun .....	5.016.655	4.872.884	4.490.313
Launatengd gjöld .....	1.195.444	1.172.565	1.093.417
Annar starfsmannakostnaður .....	40.581	68.995	51.511
	<u>6.252.680</u>	<u>6.114.445</u>	<u>5.635.241</u>
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	288.127	160.000	248.148
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>6.540.807</u>	<u>6.274.445</u>	<u>5.883.389</u>

Í árslok 2016 störfuðu 1.098 starfsmenn hjá sveitarfélaginu í 734 stöðugildum. Ársverk voru samtals 785.

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 70,7 millj. kr. á árinu 2016.

### 7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

A hluti	2016	Áætlun 2016 með viðaukum	2015
Vöru- og þjónustukaup .....	3.249.861	3.027.748	3.087.957
Styrkir, framlög og annar kostnaður.....	1.197.611	1.196.592	1.171.859
	<u>4.447.472</u>	<u>4.224.340</u>	<u>4.259.816</u>
<b>A og B hluti</b>			
Vöru- og þjónustukaup .....	3.524.054	3.263.813	3.367.925
Styrkir, framlög og annar kostnaður.....	1.197.611	1.196.592	1.171.859
	<u>4.721.665</u>	<u>4.460.405</u>	<u>4.539.784</u>

## Skýringar, frh.:

### 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

A hluti	2016	Áætlun 2016 með viðaukum	2015
Vaxtatekjur og verðbætur .....	18.471	34.366	20.996
Arður af eignarhlutum .....	21.496	8.500	1.810
Vextir frá eigin fyrirtækjum .....	122.176	150.073	110.393
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 352.816 )	( 531.015 )	(343.755)
Verðbreyting leiguskulda .....	( 12.678 )	0	(19.399)
Gengismunur .....	8.991	0	8.987
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 194.360 )	( 338.076 )	( 220.968 )

#### A og B hluti

Vaxtatekjur og verðbætur .....	107.753	123.274	108.019
Arður af eignarhlutum .....	21.496	8.500	1.810
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 403.414 )	( 608.395 )	( 393.265 )
Verðbreyting leiguskulda .....	( 12.678 )	0	( 19.399 )
Gengismunur .....	8.991	0	8.987
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 277.853 )	( 476.622 )	( 293.849 )

### 9. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2016			Áætlun 2016 með viðaukum
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
<b>Aðalsjóður:</b>				
Skatttekjur .....	0	10.689.431	10.689.431	10.166.130
Félagsþjónusta .....	1.544.688	196.685	( 1.348.003 )	( 1.290.500 )
Heilbrigðismál .....	14.600	8.617	( 5.983 )	( 6.200 )
Fræðslu- og uppeldismál .....	6.212.413	533.540	( 5.678.873 )	( 5.625.999 )
Menningarmál .....	230.024	28.242	( 201.782 )	( 202.482 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	1.626.942	206.624	( 1.420.318 )	( 1.400.761 )
Brunamál og almannavarnir .....	95.632	0	( 95.632 )	( 98.582 )
Hreinlætismál .....	156.407	114.937	( 41.471 )	( 42.211 )
Skipulags- og byggingarmál .....	270.066	60.989	( 209.076 )	( 198.813 )
Umferðar- og samgöngumál .....	736.341	0	( 736.341 )	( 691.223 )
Umhverfismál .....	466.169	111.821	( 354.348 )	( 338.123 )
Atvinnumál .....	900	0	( 900 )	( 1.000 )
Sameiginlegur kostnaður .....	760.008	214.608	( 545.400 )	( 553.499 )
Lífeyrisskuldbinding .....	284.565	0	( 284.565 )	( 141.000 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	32.786	848.409	815.623	1.195.760
Aðalsjóður samtals	12.431.541	13.013.904	582.363	771.497
<b>A hluta stofnanir:</b>				
Eignasjóður .....	2.266.812	3.224.177	957.364	( 618.394 )
Þjónustumiðstöð .....	185.651	110.221	( 75.430 )	( 58.726 )
Innri færslur A hluta .....	( 3.581.619 )	( 3.581.619 )	0	0
A hluti samtals	11.302.385	12.766.682	1.464.297	94.377
<b>B hluta fyrirtæki:</b>				
Samveitur Garðabæjar .....	335.162	674.952	339.790	346.205
Ísafold .....	786.859	644.152	( 142.708 )	( 144.743 )
Strikið 3 .....	59.360	128.916	69.556	29.126
Garðahús .....	34.766	35.056	290	( 13.170 )
Innri færslur A og B hluta .....	( 171.675 )	( 171.675 )	0	0
A og B hluti samtals	12.346.857	14.078.083	1.731.226	311.795

## Skýringar, frh.:

### 10. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

##### A hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Veitukerfi og gatnamannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2016 .....	21.089.706	1.724.955	736.388	23.551.049
Afskrifað áður .....	( 5.223.363 )	( 419.957 )	( 435.315 )	( 6.078.635 )
Bókfært verð 1.1.2016 .....	15.866.343	1.304.998	301.073	17.472.414
Viðbót á árinu .....	586.152	260.187	120.573	966.912
Fært út á árinu .....	0	0	( 140 )	( 140 )
Endurmat lóða og lendna í árslok .....	223.555	0	0	223.555
Afskrifað á árinu .....	( 399.441 )	( 142.827 )	( 80.293 )	( 622.561 )
Bókfært verð 31.12. 2016 .....	16.276.609	1.422.358	341.213	18.040.180
Heildarverð 31.12.2016 .....	21.899.413	1.985.142	856.821	24.741.376
Afskrifað samtals .....	( 5.622.804 )	( 562.784 )	( 515.608 )	( 6.701.196 )
Bókfært verð 31.12.2016 .....	16.276.609	1.422.358	341.213	18.040.180
Afskriftarhlutföll .....	0 - 10%	2,5 - 15%	15 - 20%	

#### Fasteignir

##### Leigðar eignir greinast þannig:

Heildarverð 1.1.2016 .....	713.131
Afskrifað áður .....	( 352.817 )
Bókfært verð 1.1.2016 .....	360.314
Afskrifað á árinu .....	( 40.379 )
Bókfært verð 31.12.2016 .....	319.935
Heildarverð 31.12.2016 .....	713.131
Afskrifað samtals 31.12.2016 .....	( 393.196 )
Bókfært verð 31.12.2016 .....	319.935
Afskriftarhlutföll .....	4 - 10%

##### Samantekið:

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í ársbyrjun .....	17.832.728
Viðbót á árinu samtals .....	966.912
Fært út á árinu .....	( 140 )
Endurmat lóða og lendna í árslok .....	223.555
Afskriftir samtals á árinu .....	( 662.940 )
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í árslok .....	18.360.115



## Skýringar, frh.:

### 10. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

#### a. Bókfært verð frh.

A og B hluti	Fasteignir, lóðir og lendur	Veitukerfi og gatnamannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1. 2016 .....	21.690.658	5.241.766	850.970	27.783.394
Afskrifað áður .....	( 5.313.708 )	( 1.674.468 )	( 481.636 )	( 7.469.812 )
Bókfært verð 1.1. 2016 .....	16.376.950	3.567.298	369.333	20.313.582
Viðbót á árinu .....	586.152	502.739	120.573	1.209.464
Fært út á árinu .....	0	0	( 140 )	( 140 )
Endurmat lóða og lendna í árslok .....	223.555	0	0	223.555
Afskrifað á árinu .....	( 413.109 )	( 212.638 )	( 100.439 )	( 726.186 )
Bókfært verð 31.12.2016 .....	16.773.548	3.857.399	389.327	21.020.274
Samtals heildarverð 31.12.2016 .....	22.500.365	5.744.505	971.403	29.216.273
Afskrifað samtals .....	( 5.726.817 )	( 1.887.106 )	( 582.075 )	( 8.195.998 )
Bókfært verð 31.12.2016 .....	16.773.548	3.857.399	389.327	21.020.275
Afskriftarhlutföll .....	0 - 10%	2,5 - 15%	15 - 20%	
				<b>Fasteignir</b>
<b>Leigðar eignir greinast þannig:</b>				
Heildarverð 1.1.2016 .....				713.131
Afskrifað áður .....				( 352.817 )
Bókfært verð 1.1.2016 .....				360.314
Afskrifað á árinu .....				( 40.379 )
Bókfært verð 31.12.2016 .....				319.935
Heildarverð 31.12.2016 .....				713.131
Afskrifað samtals 31.12.2016 .....				( 393.196 )
Bókfært verð 31.12.2016 .....				319.935
Afskriftarhlutföll .....				4 - 10%
<b>Samantekið:</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í ársbyrjun .....				20.673.895
Viðbót á árinu samtals .....				1.209.464
Fært út á árinu .....				( 140 )
Endurmat lóða og lendna í árslok .....				223.555
Afskriftir samtals á árinu .....				( 766.565 )
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í árslok .....				21.340.209

## Skýringar, frh.:

### 10. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

#### b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2016 greinist þannig:

	Fjárfesting 2016	Áætlun 2016 með viðaukum
<b>A hluti:</b>		
<b>Fasteignir:</b>		
Leikskólar .....	37.220	50.000
Grunnskólar .....	426.220	450.000
Grunnskólar, framlag Urriðaholts ehf. ....	( 401.312 )	( 400.000 )
Íþróttamannvirki .....	158.999	217.900
Bæjarskrifstofur .....	60.826	70.000
Aðrar fasteignir og lóðir .....	304.200	332.100
Fasteignir samtals	586.153	720.000
<b>Gatna- og umferðarmannvirki:</b>		
Gatnaframkvæmdir færðar til eignar .....	637.127	485.000
Gatnagerðargjöld, færð til lækkunar á eignfærslu .....	( 111.174 )	( 150.000 )
Gatnagerðargjöld, færð af fyrirframinnheimtum tekjum .....	( 265.766 )	0
Gatna- og umferðarmannvirki samtals	260.187	335.000
<b>Áhöld og búnaður:</b>		
Skólar, búnaður .....	26.303	25.150
Íþróttamiðstöðvar, búnaður .....	8.022	6.800
Áhaldahús, bifreiðar og búnaður .....	25.885	33.000
Tölvur og búnaður .....	54.082	39.050
Bókasafn .....	993	1.000
Grenndargámar .....	5.287	8.000
Áhöld og búnaður samtals	120.572	113.000
A hluti	966.912	1.168.000
<b>B hluti:</b>		
<b>Vatnsveita:</b>		
Stofnkostnaður .....	76.271	30.000
<b>Fráveita:</b>		
Stofnkostnaður .....	166.281	30.000
B hluti	242.552	60.000
A og B hluti	1.209.464	1.228.000

Framkvæmdarkostnaður vegna fjárfestinga í nýjum gatnakerfum er færður til eignar í Eignasjóði og innheimtar tekjur gatnagerðargjalda færðar til lækkunar á fjárfestingunni. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar sem fyrirframinnheimtar tekjur, sbr. skýringu 19.

## Skýringar, frh.:

### 10. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

#### c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig:

	Brunabótamat	Fasteignamat	Bókfært verð
Skólahúsnaði .....	9.290.500	4.713.935	4.372.294
Leikskólar .....	1.311.680	658.500	1.060.314
Íþróttamannvirki .....	4.192.200	2.704.320	3.579.133
Íbúðarhúsnaði .....	1.205.490	1.184.690	611.024
Hjúkrunarheimili .....	2.479.000	1.289.080	301.131
